

Fundarstjóri, góðir FaMos félagar. Ég mun gera ykkur grein fyrir reikningum FaMos fyrir árið 2016. Á borðunum eru reikningar og staðfesting skoðunarmanna og stjórnar FaMos fyrir árið 2016.

Inngreiðslur félagsgjalda á árinu 2016 samtals kr. 1.185 þús. Þetta jafngildir að um 474 félagar hafi greitt félagsgjöldin. Í fyrra var þessi tala 436 félagar sem greiddu árgjaldið. En í félaginu eru um 20 félagsmenn sem eru eldri en > 85 ára og voru gjaldfrjálssir á síðasta ári. En í ár mun sú tala verða um 30. Heildartala félaga er að nálgast töluna 494.

Næstu tölur eru mismunandi inngreiðslur sem koma frá vinnunefndum, svo sem Íþróttanefnd og Menningar- og skemmtinefnd. Þessar fjárhæðir eru einskonaar dvalargestir á reikningum FaMos tímabundið, því ýmis kostnaður á vegum nefndanna greiðist með þessum inngreiðslum.

Vaxtatekjur hækkuðu svolítið milli ára en við fórum saman, ég og formaður FaMos í bankann og gerðum athugasemd við of lágar vaxtagreiðslur. Eftir endurreikning vaxta hækkuðu vextir þó nokkuð. Sú tala varð 2016 samtals kr. **192.944**.

Framlag Mosfellsbæjar þetta árið, nam kr. **320.307** en þessi upphæð greiðist skv. samningi frá 2012 við Mosfellsbæ að uppfærðum vísitölubótum.

Tekjur samtals urðu því kr. **2.323.251**. Reyndar er sú upphæð nokkru lægri en frá árinu 2015 en þar munar um m. a. sögu-námskeið sem ekki varð af og sumarferð sem ekki var farin.

Á gjaldahlið má sjá að flestir liðir eru lægri en í fyrra en skýra sig nokkuð vel. Vísað í töflu um gjöld.

Innheimtukostn. A B	15.379	29.912
Burðargjöld	77.815	83.102
Pappír, prentun, félagsskírteini og ritföng	130.255	155.391
Keypt píanó, tölvuútlutir, prentari o.tíh.	369.128	428.993
Aðkeypt þjónusta, skemmtikr. akstur, og augl.	114.469	178.299

Sumarferð kostnaður (Menningarkv. um miðjan dag.)	0	137.500
Menningarkvöld, skemmtinefnd.	191.579	265.000
Aðalfundur, veitingar & örporramatur o.fl.	133.017	101.859
Leiga í Hlégarði, & Framhaldsskólanum	0	90.000
Útlagður kostn. v/ veitinga menningarkv.	37.546	129.960
Íþróttir, (vatnsleikfimi, boccia o.fl.)	386.000	474.920
Lén / ISNIC	12.960	15.960
Styrkur til Kirkjukórs Lágafellssóknar.	50.000	0
Aðildargjöld til FÁÍA keppnisgj. & v/L.E.B.	271.922	261.751
Tryggingar v/tveggja píanóa	11.897	11.766
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur	28.588	17.022
Gjöld samtals	1.830.555	2.381.435
Tekjur umfram gjöld	492.696	576.487

Inni í tölunni kr. **369.128** er m.a. Bandsög kr. **-90.234,00** keypt í byrjun ársins Einnig var keyptur þykktarhefill á Kr. **-72.000,00**. Skömmu síðar var bætt um betur og keypt viðeigandi kröftug og öflug ryksuga eða 50 ltr. tunna til að soga upp spæni og sag kr. **-20.600,00** allar þessar vélar eru staðsettar í trésmíðastofunni að Eirhömrum. Samtals er upphæðin kr. **182.834**, þar með er kominn fram nær helmingur upphæðarinnar sem fyrr er getið. kr. **369.128**- Ég tel ekki ástæðu til að telja upp minni rekstrarútgjöld hér nema sérstaklega verði óskað eftir því.

Gjöld eru því samtals kr. **1.830.555** og

Tekjur umfram gjöld kr. **492.696**

Innistæður á bankareikningum FaMos eru: .

Efnahagsreikningur 31.12.2016

Eignir

Lausafjármunir:

Arionbanki nr. 700127	305.652	115.297
Arionbanki nr. 301206	3.207.965	3.059.452
Arionbanki nr. 301697	83.533	76.583
Arionbanki nr. 300130	517.214	470.336
Ógreiddir reikn við áram.	0	-100.000
Eignir alls	4.114.364	3.621.668

Eignir frá fyrra ári.	Flutt frá fyrra ári	3.621.668	3.145.181
Rekstrarhagnaður	Tekjur umfram gjöld ársins	492.696	576.487
	Eigið fé í árslok alls	4.114.364	3.621.668
Skuldir og eigið fé alls		4.114.364	3.621.668

Fundarstjóri, góðir FaMos félagar > ég hef lokið máli mínu.

Pétur Guðmundsson gjaldkeri FaMos